

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 17. janúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Á föstudaginn síðastliðin var enn hert á sóttvarnaraðgerðum með nýrri reglugerð.

Reglugerðina má lesa hérna;

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Undirritu%20regluger%20fr%20a1%2015.%20jan%20baar%202022.pdf>

Á vef stjórnarráðsins segir eftirfarandi;

- ✚ Almennar fjöldatakmarkanir fara úr 20 í 10 manns.
- ✚ Áfram 2 metra nálægðarmörk og óbreyttar reglur um grímuskyldu.
- ✚ Áfram 20 manns að hámarki í rými á veitingastöðum og óbreyttur opnunartími.
- ✚ Sviðslistir heimilar með allt að 50 áhorfendum í hólfi.
- ✚ Heimild til aukins fjölda með hraðprófum fellur brott.
- ✚ Sund-, baðstaðir, líkamsræktarstöðvar og skíðasvæði áfram með 50% afköst.
- ✚ Íþróttakeppnir áfram heimilar með 50 þátttakendum en án áhorfenda.
- ✚ Hámarksfjöldi í verslunum fari úr 500 í 200 manns.
- ✚ Skemmtistöðum, krám, spilasölum og spilakössum verður lokað.

Samkvæmt svari í dag frá Heilbrigðisráðuneytinu þá fellur helgihald þjóðkirkjunnar ekki undir undanþágur 3. gr. reglugerðarinnar. **Ég tel því nauðsynlegt vegna þessarar erfiðu stöðu í faraldrinum og hve margir greinast smitaðir daglega að við höldum sömu reglu og um áramótin og köllum ekki fólk til helgihalds - streymum guðsþjónustum ef mögulegt er á meðan þessi reglugerð er í gildi.**

Hins vegar mega 50 manns sækja útfarir samkvæmt 3 gr. reglugerðarinnar. Mögulegt er að gera fleiri en eitt sóttvarnarrými þar sem því verður við komið. Þið þekkið best aðstæður ykkar á hverjum stað og ég treysti ykkar mati.

Þá eru hraðpróf ekki lengur möguleg leið til að auka við leyfilegan fjölda gesta.

Varðandi fermingarstarf og annað æskulýðsstarf þá er svar ráðuneytisins eftir farandi;






Í reglugerð nr. 6/2022, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, er kveðið á um það að ákvæði þeirrar greinar eiga einnig við um m.a. æskulýðsstarf barna á grunnskólaaldri.
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=26d3f0a0-7f66-41b6-be5e-249f8942a1d8>

Fermingar - og æskulýðsstarf er því heimilt innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglugerðinni undir formerkjum grunnskólastarfs. Aðstæður eru hins vegar afar ólíkar á hverjum stað og ég treysti ykkar mati og styð hverja þá ákvörðun sem þið takið um hvort starfinu verði haldið úti eða frestað um tíma á meðan tíð og ástand lagast.

Kirkjan okkar hefur frá upphafi svarað takmörkunum á helgihaldi með framúrskrandi framboði á streymi og upptökum af messuhaldi, helgistundum, bænastundum, sunnudagaskólum og svo má lengi telja. Ég hvet ykkur til að halda því góða starfi áfram þar sem ekki er unnt að kalla fólk til kirkjunnar. Ykkar elja og dugnaður við að móta og þróa þjónustu kirkjunnar í stundum næsta ómögulegum og síbreytilegum takmörkunum er vitnisburður um stórkostlega Þjóðkirkju og bjarta framtíð. Kirkjan er fólkið.


Ég hvet ykkur til að hafa samband við starfsfólk biskupsstofu ef ykkur vantar ráðgjöf eða frekari upplýsingar.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

-  **Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.**
-  **Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.**
-  **Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.**
-  **Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.**
-  **Allt starfsfólk er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.**

„Því að ég, Drottinn, er Guð þinn, ég held í hægri hönd þína og segi við þig: „Óttast eigi, ég bjarga þér.“ Jes. 41:13

Ég bið þess að starf ykkar fyrir kirkjuna á árinu verði gjöfult og hamingjuríkt og líf ykkar gott og blessað.



Agnes M. Sigurðardóttir

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.